




Fræðslumiðstöð Vestfjarða  
Miðstöð símenntunar á Vestfjörðum

*Samantekt um árið 2007*


*Starfsáætlun 2008*





## Efnisyfirlit

Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða .....	3
Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða .....	3
Fulltrúar í fulltrúaráði Háskólaseturs Vestfjarða.....	4
Starfsfólk .....	4
<b>Samantekt um árið 2007 .....</b>	<b>5</b>
Húsnæði og búnaður .....	5
Sí- og endurmenntun .....	5
Námskeið .....	5
Annað nám .....	10
Tengiliðir.....	10
Náms- og starfsráðgjöf .....	11
Markvissráðgjöf og símenntun hjá sveitarfélögum .....	11
Vika símenntunar .....	11
Ráðstefnur og fundir .....	12
Þróunarverkefni .....	12
Atvinnuíslenka .....	12
Átthagafræði á Ströndum .....	12
Fræðsluhönnun í heimabyggð .....	13
Efling fjarkennslu .....	13
Nýjungar í ferðaþjónustu .....	13
Senior+ .....	13
Samstarf .....	13
Kvasir .....	13
Leikn .....	14
FS-netið og Menntabré .....	14
Annað samstarf .....	14
<b>Starfsáætlun 2008 .....</b>	<b>15</b>
<b>Viðaukar .....</b>	<b>17</b>
Viðauki I .....	17
Viðauki II .....	18
Viðauki III .....	21
Viðauki IV .....	24



## Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða er skipað einum aðila frá hverjum stofnenda miðstöðvarinnar og einum til vara. Nokkrar breytingar urðu á skipan fulltrúaráðsins á milli aðalfunda.

Aðalsteinn Óskarsson lét af starfi framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og jafnframt af setu í fulltrúaráðinu. Í hans stað, var Ásgerður Þorleifsdóttir tilnefnd aðalmaður og Þorgeir Pálsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags, varamaður. Kom hann í stað Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur.

Anna Kristín Svansdóttir lét af starfi framkvæmdastjóra Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum. Eftirmaður hennar, Kristín Álfheiður Arnórsdóttir, var tilnefnd sem aðalmaður í fulltrúaráðið í hennar stað.

Ingibjörg S. Guðmundsdóttir lét af starfi skólameistara við Menntaskólann á Ísafirði og flutti brott af svæðinu. Í hennar stað varð Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari aðalmaður. Sem varamaður í hans stað var Hildur Halldórsdóttir aðstoðarskólameistari tilnefnd.

Laufey Jónsdóttir lét af starfi framkvæmdastjóra Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra og flutti brott af svæðinu. Í hennar stað var tilnefnd Sóley Guðmundsdóttir eftirmaður hennar í starfi framkvæmdastjóra Svæðisskrifstofu.

Skipan fulltrúaráðsins er þá þannig:

Stofnun/samtök	Aðalfulltrúi	Varafulltrúi
Alþýðusamband Vestfjarða	<i>Lilja Rafney Magnúsdóttir</i>	<i>Helgi Ólafsson</i>
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	<i>Ásgerður Þorleifsdóttir</i>	<i>Þorgeir Pálsson</i>
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum	<i>Kristín Álfheiður Arnórsdóttir</i>	<i>Gylfi Guðmundsson</i>
Fjórðungssamband Vestfjarða	<i>Ingi Þór Ágústsson</i>	<i>Valdemar Guðmundsson</i>
Menntaskólinn á Ísafirði	<i>Jón Reynir Sigurvinsson</i>	<i>Hildur Halldórsdóttir</i>
Náttúrustofa Vestfjarða	<i>Þorleifur Eiríksson</i>	<i>Böðvar Þórisson</i>
Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Vestfjörðum	<i>Sóley Guðmundsdóttir</i>	<i>Sigfríður Hallgrímsdóttir</i>
Útvegsmannafélag Vestfjarða	<i>Einar Valur Kristjánsson</i>	<i>Kristján G. Jóakimsson</i>
Vinnuveitendasamband Vestfjarða	<i>Einar Jónatansson</i>	<i>Kristján G. Jóhannsson</i>


Formaður fulltrúaráðsins er *Helgi Ólafsson* og varaformaður *Lilja Rafney Magnúsdóttir*.

Aðalfundur fulltrúaráðsins fyrir árið 2007 var haldinn mánudaginn 26. mars 2007.

## Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða var kjörin árið 2006 til tveggja ára. Hana skipuðu:

**Aðalsteinn Óskarsson**, formaður. Varamaður hans **Guðni Geir Jóhannesson**.  
**Helgi Ólafsson**. Varamaður hans **Lilja Rafney Magnúsdóttir**.



**Jón Reynir Sigurvinsson.** Varamaður hans **Hildur Halldórsdóttir.**

Jón Reynir varð aðalmaður þegar Ingibjörg S. Guðmundsdóttir gekk úr stjórn. Hildur Halldórsdóttir kom þá inn sem varamaður.

**Kristján G. Jóhannsson.** Varamaður hans **Einar Valur Kristjánsson.**

**Anna Kristín Svansdóttir.** Varð aðalmaður þegar Laufey Jónsdóttir sagði sig úr stjórn vegna brottflutnings.

Stjórnin hélt 5 bókaða fundi á árinu 2007. Á milli aðalfunda 2007 og 2008 hefur stjórnin haldið 6 bókaða fundi. Þá sat stjórnin stefnumótunarfund mánudaginn 3. mars með starfsfólki miðstöðvarinnar. Fundurinn stóð kl. 13 -17.

## **Fulltrúar í fulltrúaráði Háskólaseturs Vestfjarða**

Aðalmaður: Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Varamaður: Birna Lárusdóttir.

## **Starfsfólk**

### **Fastir starfsmenn**

- **Smári Haraldsson** forstöðumaður í 100% starfi.
- **Þuríður Sigurðardóttir** í 75% starfi. Þuríður sér um bókhald, útgáfu reikninga, og sinnir jafnframt skráningu og rekstri námskeiða.

### **Tengiliðir**

- **Anna Jensdóttir**, tengiliður í Vesturbyggð og Tálknafirði.
- **Kristín Sigurrós Einarsdóttir**, tengiliður á Ströndum

### **Ráðin í einstök verkefni**

- **Anna Guðrún Edvardsdóttir** vann að málefnum Leiknar, heildarsamtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, auk þess að stjórna nokkrum verkefnum, s.s. eflingu fjarnáms, fræðsluhönnun í heimabyggð, fagnámskeiðum og endurmenntun kennara og skólástjóra.
- **Björn E. Hafberg** vann við náms- og starfsráðgjöf á öllum Vestfjörðum, auk þess að kenna allmörg námskeið.
- **Sigurborg Þorkelsdóttir** hafði umsjón með íslenskukennslu fyrir útlendinga, auk þess að vinna að ýmsum öðrum verkefnum.


### **Símenntun sveitarfélaga og Markviss ráðgjöf**

- **Dagný Sveinbjörnsdóttir** markvissráðgjafi tók við af Helgu Jónasdóttur að vinna að símenntun sveitarfélaga og Markviss greiningu, þegar Helga flutti brott af Vestfjörðum.

### **Samstarf við Háskólasetur og Þróunarsetur**

- Ræsting. Starfshlutfall 19,80%.
- Símsvörun og sameiginlegur rekstur. Starfshlutfall 7,63%.

Auk ofangreindra komu um 60 manns að kennslu fyrir miðstöðina. Laun og verktakagreiðslur (verktakalaun) til þeirra voru um 18 mkr.



## Samantekt um árið 2007

### Húsnæði og búnaður


Aðalstöðvar Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða voru áfram að Suðurgötu 12 á Ísafirði Samkvæmt leigusamningi við Háskólasetur Vestfjarða leigði miðstöðin húsnæði sem var samtals 144,72 m<sup>2</sup>. Það skiptist þannig: Tölvuver (43 m<sup>2</sup>), tvær skrifstofur ásamt forstofu (16 m<sup>2</sup>, 14 m<sup>2</sup> og 5 m<sup>2</sup>), skrifstofu- og geymsluherbergi (20 m<sup>2</sup>), helmingsafnot af eldraustri geymslu (6 m<sup>2</sup>) auk hlutdeildar í öllu sameiginlegu rými, sem reiknast 43,72 m<sup>2</sup>.

Fjárfestingar á árinu 2007 voru ný heimasíða, ein fartölva og ein PC vél.

### Sí- og endurmenntun

#### Námskeið


Á árinu 2007 hélt Fræðslumiðstöðin 85 námskeið (67 árið 2006) í 126 hópum (88) (1. mynd).



1. mynd. Fjöldi námskeiða og hópa hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000-2007.

Námskeiðshópar skiptust þannig að undir flokkinn *atvinnulíf* féllu 9 (8) hópar, undir *endurmenntun* 51 (29), undir *tómstundir* 27 (13), *tungumál* 31 (26) og undir *tölvur* 5 (9). Þrír hópar féllu undir annað.

Á árinu 2007 voru kenndar nokkrar námskrár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Í Bolungarvík voru kennd tvö *Fagnámskeið fyrir starfsfólk Heilbrigðisstofnana* og eitt á Hólmavík. Á Ísafirði og Hólmavík var fyrri hluti *Grunnmenntaskóla* kenndur á




hvorum stað. Á Ísafirði var hafin kennsla á námsskránni *Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun*. Fagnámskeið eru 60 kennslustundir, Grunnmenntaskólinn er 300 kennslustundir og *Skref til sjálfshjálpar* er 60 kennslustundir. Heimilt er að meta námskrár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til eininga á framhaldsskólastigi. Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur með sérstökum samningi heimild Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til kennslu þessara námskráa, enda fylgi miðstöðin ákveðnum gæðakröfum við kennsluna. Þá veitir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins styrki til kennslu námsskráanna, allt að ákveðinni hámarksupphæð á ári.

Tölvukennsla hefur sífellt dregist saman síðustu árin. Þó ber að geta þess að í sumum námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er nokkur tölvukennsla, sem talin er með námskránum en ekki tölvukennslu.

Nánari sundurliðun námskeiða er í viðauka II.


Námskeiðið *Vélgæsla* var haldið í samvinnu við Guðmund Einarsson. Sá hann um alla kennslu en Fræðslumiðstöðin annaðist auglýsingar, skráningu og útgáfu viðurkenninga.

Fjöldi þátttakenda á námskeiðum árið 2007 var 1.361 (943) (2. mynd).




2. Mynd. Fjöldi þátttakenda á námskeiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000 – 2007.

Árið 2007 voru námskeiðin samtals 32.407 nemendastundir (fjöldi þátttakenda margfaldað með lengd námskeiðs í kennslustundum) samanborið við 22.145 árið 2006 (3. mynd).




3. mynd. Fjöldi nemendastunda á námskeiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000 – 2007.


Íslenskukennsla fyrir útlendinga var heldur meiri árið 2007 en árið 2006. Íslenskukennslan hefur þannig náð sér aftur á strik eftir lögð árin 2004 og 2005 þegar starfsmenntasjóðurinn Landsmennt var fjárvana. Líklegt er þó að erlendu fólki fækki á Vestfjörðum við niðurskurð á afla og þess vegna dragi úr íslenskukennslunni. Á 4. mynd sést þróun íslenskukennslunnar árin 2000 til 2007.



4. mynd. Fjöldi nemendastunda í íslensku fyrir útlendinga árin 2000 – 2007.




Tekjur af símenntun og ráðgjöf voru um 35,7 mkr. (14,4) en gjöld um 21,3 mkr. (11,5). Tekjur umfram gjöld voru því um 14,5 mkr. samanborið við 3 mkr. árið 2006 (5. mynd).



5. mynd. Tekjur og gjöld af sí- og endurmenntun hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000 – 2007.


Flestir þátttakendur voru sem áður á aldrinum 25-54 ára eins og undanfarin ár. Þó virðist aldur þátttakenda heldur fara hækkandi (6. mynd).



6. mynd. Aldursdreifing þátttakenda á námskeiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða.





Konur voru 1.093 (80%) og karlar 268 (20%). Er þetta lægsta hlutfall karla frá upphafi (7. mynd).




7. mynd. Hlutfallslegur fjöldi karla og kvenna á námskeiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2001- 2007.

Þátttakendur á námskeiðum voru alls staðar af Vestfjörðum. Nú bar svo við að flestir voru frá Hólmavík (póstnúmer 510). Næst flestir voru frá Ísafirði og Hnífsdal (póstnúmer 400 og 410) og Bolungarvík lenti í þriðja sæti (póstnúmer 415) (8. og 9. myndir).





**8. mynd. Skipting þátttakenda á námskeiðum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2007 eftir búsetu.**



**9. mynd. Hlutfallsleg skipting þátttakenda miðað við íbúafjölda á námskeiðum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2007.**

### Annað nám


Fræðslumiðstöð Vestfjarða annaðist þjónustu við nemendur í námi fyrir skólaliða, sem fjarkennt var frá Verkmenntaskóla Austurlands. Nám hófst haustið 2005 og líkur því vorið 2008. Um 10 nemendur í þessu námi á Ísafirði og Tálknafirði.

### Tengiliðir

Fræðslumiðstöð Vestfjarða gerði árið 2005 samning við Kristínu Sigurrósu Einarsdóttur um að hún yrði svokallaður tengiliður miðstöðvarinnar á Ströndum. Var þetta tilraunaverkefni sem gafst svo vel að ákveðið var að reyna það einnig á Patreksfirði. Var á árinu 2006 gerður samningur við Önnu Jensdóttur um það. Á árinu 2007 hefur verið kannað með að fá tengilið í Reykhólahreppi.

Reynslan af ráðningu tengiliða hefur almennt verið góð. Það er þó mikilvægt að þeir nái að tengjast miðstöðinni á persónulegan hátt til að kynnast sem best þeirri hugmyndafræði sem miðstöðin vinnur eftir og þeim viðfangsefnum sem hún vinnur að.

Á árinu 2007 fékkst loforð fyrir fjárframlagi af fjárlögum til að ráða starfsmann á Patreksfirði. Var María Ragnarsdóttir B.Ed. ráðin í starfið. María hóf störf í 20% starfshlutfalli 1. janúar 2008 og mun fara í fullt starf 1. júní 2008. María mun væntanlega vinna í einhverju hlutastarfi fyrir Vinnumálastofnun. Starfsaðstaða Maríu



er í hinu nýja Þróunarsetri á Patreksfirði, þar sem Fræðslumiðstöðin mun leigja aðstöðu.

### **Náms- og starfsráðgjöf**

Fræðslumiðstöð Vestfjarða fær styrk frá menntamálaráðuneytinu til náms- og starfsráðgjafar. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annast deilingu fjáris og eftirlit með ráðgjöfinni fyrir hönd ráðuneytisins.

Samkvæmt úthlutunarreglum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins fær Fræðslumiðstöð Vestfjarða sem nemur um hálfu stöðugildi á ári til þessa verkefnis. Vegna þess að ekki tókst að ráða menntaðan ráðgjafa árið 2006, fékkst framlag þess árs fært yfir á árið 2007. Þannig fékkst um heilt stöðugildi til náms- og starfsráðgjafar árið 2007.

Þar sem enginn sótti um starf náms- og starfsráðgjafa við miðstöðina þegar það var auglýst var Björn E Hafberg náms- og starfsráðgjafi, verkefnaráðinn í upphafi árs 2007. Var strax ljóst að mikil þörf var fyrir slíka ráðgjöf á Vestfjörðum. Árangur ráðgjafarinnar er metinn í fjölda einstaklingsviðtala og skildi Fræðslumiðstöð Vestfjarða skila 246 einstaklingsviðtölum á árinu 2007. Viðmiðunartölur þessar voru reyndar lækkaðar um 40% vegna þess hve mörgum símenntunarmiðstöðvum gekk illa að ná viðmiðunartölum. Viðtölin hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða urðu 268, sem mun vera hæsta hlutfall á landinu miðað við árangursmarkmið.

### **Markvissráðgjöf og símenntun hjá sveitarfélögum**

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa leyfi til að nota sérstakt greiningarkerfi til að meta fræðsluþörf innan fyrirtækja og stofnana. Kallast greiningarkerfið *Markviss*. Nokkrir einstaklingar á Vestfjörðum hafa fengið réttindi sem Markvissráðgjafar.


Á árinu 2007 var samið við Helgu Jónasdóttur og Tálknafjarðarhrepp, sem var vinnuveitandi hennar, um að Helga færi í nám og þjálfun sem Markviss ráðgjafi og myndi síðan vinna að greiningu fræðslu- og símenntunarmála hjá sveitarfélögum á Vestfjörðum. Áður hafði hugur sveitarfélaganna verið kannaður með það í huga að Fræðslumiðstöðin kæmi meira að þessum málum en verið hafði. Fræðslumiðstöðin kostaði Helgu í Markviss námið og lauk hún því, en flutti því miður af svæðinu sumarið 2007.

Haustið 2007 var samið við Dagnýju Sveinbjörnsdóttur Markvissráðgjafa að vinna fyrir Fræðslumiðstöðina að þessu málum. Hefur Dagný hafið þá vinnu og er vonast til að hún aukist verulega í framtíðinni.

Vorið 2007 fór hópur Markvissráðgjafa í námsferð til Danmerkur og var forstöðumaður Fræðslumiðstöðvarinnar þar á meðal.

### **Vika símenntunar**

Menntamálaráðuneytið hefur undanfarin ár helgað símenntun eina vika á ári. Ráðuneytið fól að venju fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum á landsbyggðinni að annast framkvæmd vikunnar og að þessu sinni var Mími – símenntun falin framkvæmdin í Reykjavík.



Vika símenntunar 2007 var haldin 24. – 30. september. Á Vestfjörðum sá Fræðslumiðstöð Vestfjarða um framkvæmd hennar í samvinnu við Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Verkalýðsfélag Vestfirðinga og Vinnumálastofnun. Var farið um Vestfirði. Heimsótt voru fyrirtæki og stofnanir, haldin námskeið í upplestri og framsögn á íslensku og pólsku og hvatt til endur- og símenntunar.

Vikan var styrkt af menntamálaráðuneytinu og Starfsmenntaráði.

Skýrsla um framkvæmd vikunnar er í viðauka III.

### **Ráðstefnur og fundir**

Fræðslumiðstöð Vestfjarða gekkst fyrir vinnufundi um íslenskukennslu mánudaginn 1. október 2007. Fundurinn var haldinn í samstarfi við Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Menntaskólann á Ísafirði og Fjölmeningarsetur.

Markmið fundarins var að ná saman leiðbeinendum Fræðslumiðstöðvar og öðrum þeim sem eru starfandi við kennslu þeirra sem hafa annað móðurmál en íslensku til þess að þeir næðu að kynnast og bera saman bækur sínar og efla liðsandann. Ennfremur til þess að fá sem besta heildarsýn yfir hvað er að gerast í þessum málum á fjórðungsvísu.

Á fundinn voru boðaðir leiðbeinendur Fræðslumiðstöðvarinnar, kennarar úr leik-, grunn- og framhaldsskólum á Vestfjörðum, auk ýmissa hagsmunaaðila. Þá mættu á fundinn tveir kennarar frá Noregi, sem vinna við norskukennslu innflytjenda í Osló.

Fundurinn var styrktur af Vaxtarsamningi Vestfjarða.

Dagskrá fundarins er í viðauka IV.

### **Þróunarverkefni**


Fræðslumiðstöð Vestfjarða vann að allmörgum þróunarverkefnum á árinu 2007.

### **Atvinnuíslenka**

Verkefnið felst í að tal- og vefsetja námsefni í íslensku, sem sérstaklega hefur verið tekið saman fyrir erlent starfsfólk í fiskvinnslu. Efnið var unnið af Guðrúnu Stelli Gissurardóttur og Soffíu Vagnsdóttur í samvinnu við Fjölmeningarsetur. Fræðslumiðstöðin hefur tekið við verkefninu og samið við fyrirtækið *Á. Ingason ráðgjöf* um að vinna fyrsta áfanga verksins. Starfsmenntaráð hefur veitt styrk til verkefnisins.

### **Átthagafraeði á Ströndum**

Verkefnið hefur verið í gangi síðan árið 2006. Samstarfaðilar eru Náttúrustofa Vestfjarða, Strandagaldur ses. og Sögusmiðjan. Samið var við Náttúrustofuna Strandagaldur og Sögusmiðjuna um að vinna ákveðna þætti verkefnisins. Lítið var unnið í verkefninu árið 2007. Verkefnið var styrkt af Starfsmenntaráði.



## Fræðsluhönnun í heimabyggð

Verkefni sem hefur verið í gangi til að efla námsefnisgerð og fræðsluhönnun í heimabyggð. Ekkert var unnið í verkefninu árið 2007.

## Efling fjarkennslu

Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur unnið að því að efla fjarkennslu og dreifmennt. Slíkt er nauðsynlegra á Vestfjörðum en víðast annars staðar vegna strjálbýlis og erfiðra samgangna. Í þeim tilgangi var verkefninu *Efling fjarkennslu* hrint úr vör. Þegar hafa verið kennd þrjú námskeið undir þessum hatti. Þá hefur verið haldinn einn undirbúningsfundur með Salvöru Gissurardóttur, lektor í upplýsingatækni og tölvunotkun í Kennaraháskóla Íslands, um námskeið fyrir leiðbeinendur og þátttakendur. Fyrirhugað er að útvíkka verkefnið í samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði.

Vaxtarsamningur Vestfjarða hefur styrkt verkefnið.

## Nýjungar í ferðapjónustu

Verkefni sem hefur verið í gangi síðan árið 2006. Samstarfaðilar eru Markaðsskrifstofa Vestfjarða, Ferðamálasamtök Vestfjarða, Náttúrustofa Vestfjarða og Tourist Board Training (TBT) í Skotlandi. Samið var við TBT um að vinna ákveðna þætti verkefnisins. Lítið var unnið í verkefninu árið 2007. Verkefnið var styrkt af Starfsmenntaráði.

## Senior+

Fræðslumiðstöð Vestfjarða tók þátt í tveimur vinnufundum um verkefni með aðilum frá Pirkanmaa í Finnlandi og Osló í Noregi. Voru þessir fundir til að undirbúa umsókn um styrk að stærra verkefni um sí- og endurmenntun fyrir eldri borgara.

Norræna ráðherranefndin styrkti fundina.

## Samstarf


Fræðslumiðstöðin á í margvíslegu samstarfi, jafnt innan héraðs sem utan. Skulu hér nefndir helstu samstarfsaðilar.

## Kvasir

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa með sér formlegt samstarf innan samtaka sem kallast Kvasir. Eru miðstöðvarnar 9. Hlutverk Kvasir er þýðingarmikið fyrir fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni. Kvasir heldur tvo fasta fundi á ári, haustfund og vorfund, sem jafnframt er aðalfundur.

Helstu verkefni sem unnið er að innan Kvasir eru samskipti við menntamálaráðuneytið og fjárveitingavaldið, samskipti við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, rekstur Markviss greiningarkerfisins og ýmiskonar þróunarstarfsemi.

Kvasir er aukaaðili að Förbundet Nordisk Vuxenupplýsning (FNV).



## Leikn

Þann 25. apríl 2005 voru stofnuð samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi. Hlutu samtökin nafnið Leikn. Rétt til aðilar að samtökunum eiga fræðsluaðilar eða frjáls félagasamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla á samfélagslegum grunni (nonprofit), eru sjálfstæðir rekstraraðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis. Aðilar að samtökunum eru nú 18.

Meginhlutverk samtakanna er að koma fram fyrir hönd fullorðinsfræðslunnar jafnt innan lands sem utan. Leikn starfar mikið með norrænum heildarsamtökum fullorðinsfræðslunnar, sem jafnframt starfa með fullorðinsfræðsluaðilum í Eystrasaltsríkjunum. Halda þessir aðilar tvo reglulega fundi árlega. Þá er Leikn aðili að Evrópsku fullorðinsfræðslusamtökunum (EAEA) og heimssamtökum fullorðinsfræðsluaðila (ICAE). Í starfi þessara samtaka hefur Leikn fengið norræna aðila til að fara með umboð sitt.

## FS-netið og Menntabré

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er tengiliður við FS-netið sem er háhraða gagnaflutningsnet sem þjónar framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni. Frá og með haustinu 2007 varð Og fjarskipti, sem er dótturfyrirtæki Og Vodafone, rekstraraðili netsins í stað SKÝRR. Við þá breytingu gerði menntamálaráðuneytið Fræðslumiðstöðina aftur að tengilið við FS netið í stað Háskólaþess Vestfjarða, sem það hafði sett sem tengilið er það tók til starfa.

Fræðslumiðstöðin er eignaraðili að Menntabrénni, ásamt öðrum fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni, Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Á hver þessara þriggja aðila 1/3 af brúnni. Fræðslumiðstöð Vestfjarða á 1/9 af hluta fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna, eða 1/27 af brúnni. Miðstöð brúarinnar er staðsett í Háskóla Íslands. Á árinu 2007 var brúin stækkuð þrefalt og annar hún nú mjög vel þeirri umferð sem um hana fer.


## Annað samstarf

Fræðslumiðstöð Vestfjarða á í margvíslegu samstarfi innan Þróunarseturs Vestfjarða og við Háskólaþess Vestfjarða.

Þá á miðstöðin í samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði, Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, grunnskóla á Vestfjörðum og stéttarfélag, auk margra fyrirtækja og stofnana í fjórðungnum.

Af aðilum utan fjórðungsins voru helstu samstarfsaðilar Framvegis – miðstöð símenntunar í Reykjavík, Menntafélagið ehf., Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Mímír – símenntun, Fjölmenn, Starfsmenntaráð, Fræðslusetrið Starfsmenn, starfsmenntasjóðirnir Landsmenn, Ríkismenn, Sjómennt og Sveitamennt, Endurmenntun HÍ og Símenntunarstofnun KHÍ.

Fræðslumiðstöðin er aðili að verkefninu *Vestfirðir á miðöldum og Háskólaþetri Vestfjarða*.



## Starfsáætlun 2008


Á 68. fundi stjórnar Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, miðvikudaginn 2. apríl 2008, var samþykkt að leggja fram eftirfarandi fjárhags- og rekstraráætlun fyrir árið 2008. Til samanburðar eru ársreikningar 2007 og drög að áætlun fyrir árið 2009.

	Sk.	Áætlun 2009	Áætlun 2008	Reikn. 2007
<b>Rekstrartekjur</b>				
Sí og endurmenntun	1	31.120.000	30.120.000	29.969.347
Rekstrarframlög og styrkir	2	42.000.000	32.000.000	16.727.701
Markviss		1.000.000	400.000	315.000
Aðrar tekjur	3	1.200.000	1.200.000	1.628.513
Fjármagnstekjur				263.885
		<u>75.320.000</u>	<u>63.720.000</u>	<u>48.904.446</u>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld		41.498.500	28.897.796	10.685.148
Kostnaður vegna sí- og endurm.		23.340.000	22.590.000	21.310.809
Markviss		200.000	200.000	311.954
Húsnæðiskostnaður	4	4.200.000	3.755.000	1.808.486
Ritföng, pappír o.fl.		250.000	250.000	209.484
Kynningarefni og auglýsingar		1.500.000	1.500.000	2.128.361
Ferða- og viðskiptakostnaður		500.000	500.000	382.013
Gerð námsefnis		1.200.000	1.200.000	0
Málþing og samstarf		200.000	200.000	182.978
Rekstrarleiga tölvubún. og ljósritun		200.000	200.000	197.452
Leikn			100.000	402.500
Yfirstjórn og annar kostnaður	5	2.480.000	2.480.000	3.114.212
Afskrifaðar tapaðar kröfur				174.904
Fjármagnsgjöld				80.711
Annar kostnaður				514.799
		<u>75.568.500</u>	<u>61.872.796</u>	<u>41.503.811</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir				
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>		<u>-248.500</u>	<u>1.847.204</u>	<u>7.400.635</u>

Athugið að gert er ráð fyrir auknum umsvifum á árinum 2008 og 2009.

Ráðinn hefur verið starfsmaður á Patreksfirði og gert er ráð fyrir ráðningu í 2,5 stöðugildi í viðbót.


Forsendur fyrir fjölgun stöðugilda eru að tekjur verði tryggðar.



## Skýringar

	<u>2009</u>	<u>2008</u>	<u>Reikn. 2007</u>
<b>1. Tekjur af sí- og endurmenntun</b>			
Tekjur af hefðb. námskeiðum öðrum en ísl.	16.000.000	15.000.000	
Frá mmr - íslenska fyrir útlendinga	5.000.000	5.000.000	
Þegar kenndar námskrár	6.720.000	6.720.000	
Aðrar námskrár	3.400.000	3.400.000	
	<u>31.120.000</u>	<u>30.120.000</u>	<u>29.969.347</u>
<b>2. Rekstrarframlög og styrkir</b>			
Framlag á fjárlögum	16.000.000	15.000.000	
Náms- og starfsráðgjöf	7.000.000	7.000.000	
Önnur framlög og styrkir	19.000.000	10.000.000	
	<u>42.000.000</u>	<u>32.000.000</u>	<u>16.727.701</u>
<b>3. Aðrar tekjur</b>			
Auglýsingar Námsvísi	400.000	400.000	
Útleiga á stofum og búnaði	300.000	300.000	
Aðrar tekjur	500.000	500.000	
	<u>1.200.000</u>	<u>1.200.000</u>	<u>1.577.203</u>
<b>4. Húsnæðiskostnaður</b>			
Húsaleiga	3.900.000	2.955.000	
Rafmagn og hiti	300.000	300.000	
Viðhald og endurbætur húsnæðis		500.000	
	<u>4.200.000</u>	<u>3.755.000</u>	<u>1.808.486</u>
<b>5. Yfirstjórn og annar kostnaður</b>			
Fagtímarit, blöð og bækur	100.000	100.000	
Félagsgjöld	250.000	250.000	
Sími og internet	250.000	250.000	
Flutningur og burðargjöld	300.000	300.000	
Fundir, námskeið og ráðstefnur	400.000	400.000	
Kaffi og matarkostnaður	70.000	70.000	
Þjónustugjöld og bankakostnaður	180.000	180.000	
Viðhald og rekstur áhaldna og tækja	500.000	500.000	
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	150.000	150.000	
Tryggingar	30.000	30.000	
Annar kostnaður	250.000	250.000	
	<u>2.480.000</u>	<u>2.480.000</u>	<u>3.114.212</u>






## Viðaukar

### Viðauki I


Eignaskrá 31.12.2007.

Stólar og borð í sal Þróunarseturs Vestfjarða  
Bókahillur á skrifstofu  
4 skrifborð  
5 skrifborðsstólar  
3 borð undir tölur í tölvustofu  
1 borð á hjólum í tölvustofu  
4 borð í kennslustofu  
20 nemendastólar  
Þvottavagn og tilheyrandi  
Tússtafla  
2 sýningartjöld  
12 nemendatölur  
2 fartölvur  
4 PC tölvur  
5 prentarar  
Faxtæki  
2 skjávarpar  
3 símtæki  
Fjarfundarbúnaður, (Polycom ViewStation FX)  
Fjarfundabúnaður (Polycom PVX)  
Rafrænan töfluafritari  
Náma - skráningarforrit  
Windows stýrikerfi á allar tölvur  
Office hugbúnaðarpakki á allar tölur  
Mind Manager á 15 tölvur  
Vírusvarnir á allar tölvur  
Ýmis annar hugbúnaður  
Heimasíða  
<sup>1</sup>/<sub>27</sub> í Menntabrunni  
DK Bókhaldskerfi  
Myndbandstæki  
DVD spilari  
Útvar/kassettutæki/spilari  
Digital myndavél m/ korti


**Viðauki II**

Yfirlit yfir námskeið hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árið 2007.

Námskeið	Fjöldi kennslu- stunda	Staður	Fjöldi þátttak.			Nem- enda- stundir
			Kon- ur	Karl- ar	Alls	
<b>Atvinnulífið (9)</b>						
30 rúmlesta skipstjórnarnám	144	Ísafjörður		9	9	1296
Markaðssetning með heimasíðum	60	Fjarkennt			0	0
Vélgæsla	65	Ísafjörður		18	18	1170
Þjónustugæði og kvartanir	6	Bjarkalundur	6	1	7	42
Þjónustugæði og kvartanir	6	Flókalundur	4		4	24
Þjónustugæði og kvartanir	6	Ísafjörður	8	2	10	60
Þrjátíu rúmlesta skipstjórnarnám	144	Hólmavík	1	6	7	1008
Þrjátíu rúmlesta skipstjórnarnám	144	Ísafjörður		20	20	2880
Þrjátíu rúmlesta skipstjórnarnám	144	Reykholar		12	12	1728
<b>Endurmenntun (51)</b>						
Að auka bjartsýni og baráttuvilja	4	Hólmavík	14		14	56
Að efla sjálfstraust og sjálfsöryggi	8	Hólmavík	14		14	112
Akademísk vinnubrögð	18	Ísafjörður og	19	3	22	396
Árangursrík samvinna og hjálpartæki	12	Ísafjörður	5	0	5	60
Einhverfa og aðrar raskanir á einhverfurófi	8	Ísafjörður	34	1	35	280
Félagsleg umönnun og samskipti	18	Bolungarvík	10		10	180
Fjölmenningarleg kennsla	12	Ísafjörður	10	1	11	132
Frumkvæði og framtakssemi	6	Hólmavík	14		14	84
Gagnrýni - að rýna til gagna	5	Hólmavík	14		14	70
Grunnmenntaskólinn	95	Hólmavík	7	2	9	855
Grunnmenntaskólinn	110	Ísafjörður	7	2	9	990
Hamskipti á heimleið	12	Ísafjörður	5	1	6	72
Hreinlæti og snyrtimennsla	4	Hólmavík	14		14	56
HSB - Réttindi og skyldur starfsfólks	6	Bolungarvík	10		10	60
HSB2 - Að koma fram af sjálfsöryggi	6	Bolungarvík	11		11	66
HSB2 - Færnimöppur	18	Bolungarvík	13		13	234
HSB2 - Gagnrýni - að rýna til gagns	6	Bolungarvík	12		12	72
HSB2 - Samtalstækni	6	Bolungarvík	12		12	72
HSB2 - Stjórnun álags og streitu	6	Bolungarvík	12		12	72
HSB2 - Tölvur	18	Bolungarvík	13		13	234
HSB2 - Vinnupersónuleikar	6	Bolungarvík	11		11	66
HSH - Áhrif mataræðis á heilsuna	6	Hólmavík	15		15	90
HSH2 - Algengir sjúkdómar	6	Hólmavík	15		15	90
HSH2 - Almenn sálfræði og siðfræði	6	Hólmavík	15		15	90
HSH2 - Kvennavinnustaðir	6	Hólmavík	15		15	90
HSH2 - Kynning	0,5	Hólmavík	15		15	8
HSH2 - Líkamsbeiting og vinnustaða	6	Hólmavík	15		15	90
HSH2 - Mat á námi og námsleið	0,5	Hólmavík	15		15	8
HSH2 - Sálræn skyndihjálp	8	Hólmavík	15		15	120
HSH2 - Skyndihjálp	10	Hólmavík	15		15	150
HSH2 - Sýkingar á sjúkra- og öldrunarst.,	6	Hólmavík	15		15	90
HSH2 - Þjónustulund og framkoma	6	Hólmavík	15		15	90
Kvennavinnustaðir	6	Bolungarvík	10		10	60
Kynning	1	Hólmavík	14		14	14
Leiðtogiinn í skólastofunni	12	Ísafjörður	18	3	21	252
Líkamsbeiting og vinnustellingar	6	Bolungarvík	10		10	60
Mat á námskeiði og námsleið	1	Hólmavík	14		14	14
Missir og tjáskipti við þá sem misst hafa	6	Bolungarvík	9		9	54
Náms- og starfsráðgjöf	3	Reykholar	5	2	7	21
Nýsköpunarmennt í grunnskóla	12	Ísafjörður	4	1	5	60
Orðhlutaleið í stafsetningarkennslu	12	Ísafjörður	12	1	13	156




Persónuleg markmiðasetning	8	Hólmavík	14	14	112	
Réttindi og skyldur starfsfólks	6	Hólmavík	14	14	84	
Samskipti	6	Hólmavík	14	14	84	
Samtalstækni	6	Hólmavík	14	14	84	
Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun	12	Ísafjörður	3	2	5	60
Skyndihjálp	16	Bolungarvík	12	12	192	
Skyndihjálp Hvesta	16	Ísafjörður	10	10	160	
Slys á börnum	8	Ísafjörður	5	5	40	
Sorg og sorgarviðbrögð	6	Bolungarvík	9	9	54	
Starf af lífi og sál	6	Hólmavík	14	14	84	
<b>Fjarkennd frá öðrum (2)</b>						
Heilabilun	20	Ísafjörður og	16	16	320	
Sykursýki - umönnun og meðferð	18	Ísafjörður	10	10	180	
<b>Kjarnanámskeið (1)</b>						
Skyndihjálp IV - Ísafjörður	16	Ísafjörður	13	15	28	448
<b>Tómstundir (27)</b>						
Að veita framúrskarandi þjónustu	6	Ísafjörður og	12	4	16	96
Eftirréttir og forréttir	4	Ísafjörður	8	1	9	36
Förðun	4	Hólmavík	4	4	16	
Förðun - H1	4	Hólmavík	6	6	24	
Förðun - H2	4	Hólmavík	6	6	24	
Förðun H-3	4	Hólmavík	4	4	16	
Förðun H-4	4	Hólmavík	5	5	20	
Góða veislu gjöra skal	4	Ísafjörður	8	2	10	40
Jóga	9	Hólmavík	9	9	81	
Kvartanir og ábendingar viðskiptavina	3	Bolungarvík	10	7	17	51
Samskiptastílar - MBTI	6	Ísafjörður	7	1	8	48
Saumanámskeið	20	Hólmavík	5	5	100	
Silfursmíði II - Hópur 1	10	Ísafjörður	7	7	70	
Silfursmíði II - Hópur 2	10	Ísafjörður	3	1	4	40
Skrautskrift I	18	Ísafjörður	9	0	9	162
Skrautskrift II	18	Hólmavík	9	9	162	
Upplstur og framsögn	3	Bíldudalur	1	1	3	
Upplstur og framsögn	3	Hólmavík	11	1	12	36
Upplstur og framsögn	3	Patreksfjörður	4	3	7	21
Upplstur og framsögn	3	Patreksfjörður	1	1	3	
Upplstur og framsögn	3	Reykhólar	11	6	17	51
Upplstur og framsögn	3	Tálknafjörður	1	1	2	6
Vestfirskir laufaviðarvettlingar	8	Ísafjörður	20	20	160	
Þjóðbúninganámskeið	60	Ísafjörður	8	8	480	
Þjóðbúninganámskeið	60	Ísafjörður	8	8	480	
Þæfing	6	Hólmavík	7	7	42	
Þæfing I	6	Árneshreppur	7	7	42	
<b>Tungumál (31)</b>						
Enska	40	Hólmavík	2	2	80	
Enska framhald	30	Ísafjörður	4	2	6	180
Enska I	30	Ísafjörður	9	1	10	300
Enska I	30	Reykhólar	7	1	8	240
Íslenska fyrir taflendinga	50	Suðureyri	7	5	12	600
Íslenska fyrir taflendinga	50	Suðureyri	6	7	13	650
Íslenska fyrir útlendinga II	50	Patreksfjörður	8	5	13	650
Íslenska fyrir útlendinga	50	Bolungarvík	10	7	17	850
Íslenska fyrir útlendinga	25	Suðureyri	5	8	13	325
Íslenska fyrir útlendinga	50	Suðureyri	5	3	8	400
Íslenska fyrir útlendinga	50	Þingeyri	8	8	400	
Íslenska fyrir útlendinga I	40	Bolungarvík	3	5	8	320
Íslenska fyrir útlendinga I	50	Ísafjörður	7	11	18	900
Íslenska fyrir útlendinga I	50	Ísafjörður	5	8	13	650
Íslenska fyrir útlendinga I	50	Patreksfjörður	4	5	9	450
Íslenska fyrir útlendinga I	20	Reykhólar	2	5	7	140
Íslenska fyrir útlendinga I	30	Tálknafjörður	6	3	9	270



Fræðslumiðstöð Vestfjarða  
Ársskýrsla 2007

Íslenska fyrir útlendinga II	50	Ísafjörður	6	1	7	350
Íslenska fyrir útlendinga II	50	Ísafjörður	6	5	11	550
Íslenska fyrir útlendinga II	30	Tálknafjörður	4	4	8	240
Íslenska fyrir útlendinga II H1	30	Flateyri	7	5	12	360
Íslenska fyrir útlendinga II H2	30	Flateyri	10	4	14	420
Íslenska fyrir útlendinga III	50	Bolungarvík	7	4	11	550
Íslenska fyrir útlendinga III	25	Suðureyri	3	2	5	125
Landnemaskóli FA á Ísafirði. Fyrri hluti	60	Ísafjörður	11	3	14	840
Landnemaskóli FA á Ísafirði. Seinni hluti	60	Ísafjörður	4	2	6	360
Landnemaskóli fyrir taflendinga	60	Ísafjörður	8		8	480
Landnemaskólinn	70	Ísafjörður	9	1	10	700
Spænska I	30	Ísafjörður	13	4	17	510
Spænska I	30	Ísafjörður	4	4	8	240
Þýska II	18	Ísafjörður	5	3	8	144
<b>Tölvur (5)</b>						
Tölvunám	20	Ísafjörður	3	7	10	200
Tölvunám 1 - morgunánámskeið	20	Ísafjörður	4	6	10	200
Tölvunámskeið	30	Hólmavík	1	1	2	60
Tölvunámskeið	20	Patreksfjörður	3	4	7	140
Tölvunámskeið eldri borgara	30	Ísafjörður	6	3	9	270
	<b>3.055</b>		<b>1.092</b>	<b>268</b>	<b>1.360</b>	<b>32.389</b>



## Viðauki III

### Skýrsla um viku símenntunar 24. til 30. september 2007.

Mánudaginn 24. september til föstudagsins 30. september voru heimsótt fyrirtæki og stofnanir á Bíldudal, Tálknafirði, Patreksfirði, Reykhólum og Hólmavík. Í þeirri ferð voru Helgi Ólafsson frá Verkalýðsfélagi Vestfirðinga (Verk Vest), Kristín Álfheiður Arnórsdóttir frá Félagi opinberra starfsmanna á Vestfjörðum (Fos Vest), Smári Haraldsson frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Adam Topolski túlkur, Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir leikkona, Mariola Kowalczyk söngkona og Kristín Njálsdóttir forstöðumaður endurmenntunarsjóða.

Adam, Kristín Njálsdóttir og Mariola voru aðeins með hópnum í Vesturbyggð og Tálknafirði á mánudag og þriðjudag.

Í heimsóknum var starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar og stéttarfélaganna kynnt og lögð sérstök áhersla á að kynna áttak um læsi. Þá voru haldin stutt námskeið á kvöldin í upplestri og framsögn. Voru námskeiðin bæði á íslensku og pólsku.

Viku símenntunar á Vestfjörðum var komið á framfæri í Svæðisútvarpinu með auglýsingum og viðtölum, með auglýsingum í vefmiðlum, með upphengdum auglýsingum og á svæðum sem heimsótt voru, var auglýsingum dreift inn á hvert heimili og fyrirtæki.

#### Mánudagur 24. september 2007.

Bíldudalur og Tálknafjörður.

**Þórsberg hf. Tálknafirði.** Fundað með Guðjóni Indriðasyni einum af eigendum fyrirtækisins og starfsfólkinu í lengdum matartíma. Meirihluti starfsmanna er pólskur. Ákveðið var að fara af stað með kennslu í íslensku í Þórsbergi.

**Skrifstofa Tálknafjarðarhrepps.** Heilsað upp á Eyrúnu sveitarstjóra og þegið af henni upplýsingar og ráð. Rætt um nýlega úttekt og fræðsluáætlun sveitarfélagsins, sem Fræðslumiðstöð Vestfjarða vann fyrir hreppinn.

Að lokinni heimsókn á hreppsskrifstofu skipti hópurinn liði. Kristín Álfheiður, Smári og Jóhanna voru áfram á Tálknafirði, en Helgi, Kristín Njáls, Adam og Mariola fóru yfir á Bíldudal.


**Villimey ehf.** Rætt við Braga Geir Gunnarsson, meðeiganda Aðalheiðar Þorsteinsdóttur stofnanda fyrirtækisins Villimey.

**Grunnskólinn á Tálknafirði.** Rætt við skólastjóra og nokkra kennara og aðra starfsmenn.

**Leikskólinn Vindheimar.** Ræddum við Elísabetu Kjartansdóttur skólastjóra, sem einnig sér um endurmenntun sveitarfélagsins. Ákveðið var að fá í haust þjónustunámskeið frá Þekkingarmiðlun og excel námskeið fyrir starfsfólk sveitarfélagsins. Rætt við annað starfsfólk. Kristín Álfheiður átti fund með félögum í Fos Vest.

**Verslunin Vesturkaup ehf.** Komum við í versluninni og ræddum við starfsfólk og gesti.

**Kalkþörungaverksmiðjan á Bíldudal.** Farið í hana og hitt fólk.



Um kvöldið hélt Mariola námskeið í upplestri og ræðumennsku í Grunnskólanum á Tálknafirði. Mættu þar 2 Pólverjar. Jóhanna hélt samsvarandi námskeið í Grunnskólanum á Bíldudal og mætti þar einn Pólverji!. Auk þessara gesta sátu ferðafélagarnir námskeiðin.

### **Priðjudagur 25. september 2007.**

Patreksfjörður.

**Fiskvinnslan Oddi hf.** Rætt við forsvarsmenn fyrirtækisins, þá Sigurð Viggósson framkvæmdastjóra og Skjöld Pálmason framleiðslustjóra. Hittum einnig þá Sverri Haraldsson útgerðarstjóra og Jón Magnússon ættföður.

Í lengdu kaffihléi var rætt við annað starfsfólki. Voru það einkum Pólverjar. Þó voru nokkrir Íslendingar, 2 Portúgalar og 1 frá S-Afríku.

Ákveðið að fara af stað með íslenskunámskeið og kanna möguleika á Landnemaskóla eftir áramót. Pólverjar vildu auk þess fá enskunámskeið og tölvur. Höfðu víst beðið um þetta í fyrra en ekki verið sinnt.

**Bæjarskrifstofur.** Funduðum með Ragnari Jörundssyni bæjarstjóra og Guðnýju Sigurðardóttir. Kynntum þeim mál, m.a. þjónustu Fræðslumiðstöðvarinnar við sveitarfélögin og þágum af þeim ráð.

**Heilbrigðisstofnunin Vesturbyggð.** Fundað með Úlfari Thoroddsen framkvæmdastjóra, sem fannst ekki líklegt að áhugi væri fyrir nokkru námskeiði hjá þeim, þar á meðal fagnámskeið. Helgi og Kristín Álfheiður ræddu sérstaklega við sitt félagsfólk og kom fram áhugi hjá þeim fyrir ýmsum námskeiðum.

**Atvinnuþróunarfélagið.** Heilsað upp á starfsfólkið þar og þegin ráð. Eftir það skipti hópurinn liði. Smári og Kristín Álfheiður heimsóttu skóla og Sparisjóðinn, en Helgi og Kristín Njálisdóttur aðrar stofnanir.

**Patreksskóli.** Rætt við kennara og skólastjóra.

**Leikskólinn Araklettur.** Rætt við Helgu Bjarnadóttur leikskólastjóra og Ninu Önnu Dau aðstoðarleikskólastjóra.

**Sparisjóður Vestfirðinga.** Rætt við starfsfólk, en það sér m.a. um póstdreifingu á svæðinu.

**Vegagerðin.** Rætt við starfsfólk og því kynntir endur- og símenntunarmöguleikar.

**Perluþískur.** Rætt við starfsfólk og því kynntir endur- og símenntunarmöguleikar.

**Verslunin kjöt og fiskur.** Rætt við starfsfólk og því kynntir endur- og símenntunarmöguleikar.

**Verslunin Fjölval.** Rætt við starfsfólk og því kynntir endur- og símenntunarmöguleikar.

Um kvöldið var námskeið í Patreksskóla. Á pólskuna mætti 1 og 7 á íslenskuna. Seinnipart þriðjudagsins ók Kristín suður og tók Baldur yfir Breiðafjörð.

### **Miðvikudagur 26. september 2007.**


Reykhólar.

Mariola og Adam fóru til Ísafjarðar. Við hin ókum að Reykhólum.

**Skrifstofa Reykhólahrepps.** Rætt við Óskar Steingrímsson sveitarstjóra. Honum leist vel á aukna starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar í hreppnum, m.a. á fagnámskeið fyrir Barmahlíð. Ræddum einnig við Ingunni Jónu Jónsdóttur gjaldkera Sparisjóðs Vestfirðinga í Króksfjarðarnesi, sem komin var með vikulegu þjónustu Sparisjóðs Vestfirðinga á Reykhólum (farbanki).

**Þörungaverksmiðja.** Hittum Halldór Ó. Sigurðsson. framkvæmdastjóra og Sigurbjörgu Daníelsdóttur sölustjóra. Fundað með öðru starfsfólki í kaffihléi.





**Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð.** Áttum fund með Þuríði Stefánsdóttur hjúkrunarforstjóra. Þuríður gerði grein fyrir fræðsluhugmyndum þeirra og henni voru kynnt fagnámskeið. Ræddum að auki við allnokkra aðra starfsmenn.

**Tengiliður Fræðslumiðstöðvarinnar.** Samið var við Ingvar Samúelsson um að hann verði tengiliður Fræðslumiðstöðvarinnar í Reykhólahreppi, með sama fyrirkomulagi og Kristín Sigurrós Einarsdóttir tengiliður á Ströndum.

**Reykhólaskóli.** Rætt við Jóhönnu Þorsteinsdóttur skólastjóra.

Um kvöldið var haldið námskeið í Reykhólaskóla. Námskeiðið sóttu 17 manns.

## Fimmtudagur 27. september 2007.

Hólmavík.

**Vegagerðin.** Rætt við starfsmenn Vegagerðarinnar á Hólmavík. Þeir vildu fá frekari tölvunámskeið. Þeim fannst aðstaða ekki góð í Grunnskólanum á Hólmavík.

**Skrifstofa Strandabyggðar.** Rætt við Ásdísi Leifsdóttur sveitarstjóra, Láru Jónsdóttur, skrifstofumanneskju, Salbjörgu Engilbertsdóttur, skrifstofumanneskju og Viktoríu Rán Ólafsdóttur verkefnastjóra Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Rætt um símenntun hjá sveitarfélögum, FS netið og fyrirhugað þróunarsetur og um lesblindu, sem virðist vera tiltölulega útbreidd á svæðinu.

**Hólmadrangur.** Rætt við starfsfólk og framkvæmdastjóra og þeginn hádegisverður.

**Heilbrigðisstofnunin á Hólmavík.** Rætt við fólk á Heilbrigðisstofnuninni, m.a. um framhald fagnámskeiða.

Að lokinni heimsókn á Heilbrigðisstofnunina skipti fólk liði. Kristín Álheiður og Smári fóru í skólana en Helgi og Jóhanna í önnur fyrirtæki og stofnanir.

**Grunnskólinn.** Rætt við skólastjóra, kennara og fleira starfsfólk.

**Orkubúið.** Rætt við starfsfólk og því kynntir endur- og símenntunarmöguleikar.


**Kaupfélag Steingrímsfjarðar, verslun og söluskáli.** Rætt við starfsfólk og því kynntir endur- og símenntunarmöguleikar.

**Fundur með tengilið.** Síðdegis átti Smári fund með Kristínu Sigurrósu Einarsdóttur tengilið Fræðslumiðstöðvarinnar á Ströndum. Gengið var frá næstu námskeiðum, m.a. Grunnmenntaskóla og 30 tonna skipstjórnarnámi.

Um kvöldið var gott námskeið í Grunnskólanum. Á það mættu 12 þátttakendur.

## Föstudagur 28. september 2007.

Dagurinn fór að mestu í að aka heim til Ísafjarðar frá Hólmavík. Komið var við í Reykjanesi, þar sem rekin er myndarleg ferðaþjónusta. Þar var margmenni vegna Landsfundar JC hreyfingarinnar. Var notað tækifærið og fólk hvatt til mennta. Einnig var sérstaklega rætt við eigendur staðarins um nám fyrir ferðaþjónustu.



## Viðauki IV

### Dagskrá vinnufundar um íslenskukennslu.

Vinnufundar um íslenskukennslu á vegum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarðar í samstarfi við Skóla- og fjölskylduskrifstofu, Menntaskólann á Ísafirði og Fjölmenningssetur.

Haldinn í sal Þróunarsetursins að Árnagötu 2-4, Ísafirði mánudaginn 1. okt. 2007.  
Fundurinn hefst kl. 14.00

1. Setning og stutt kynning á markmiðum fundarins – Smári Haraldsson.
2. Leikskólastig – Sóley Veturliðadóttir.
3. Grunnskólastig – Þóra Karlsdóttir.
4. Framhaldsskólastig – Emil Ingi Emilsson.
5. Íslenskukennsla fyrir fiskvinnslufólk og fleira frá Fjölmenningssetrinu  
– Elsa Arnardóttir.

Kaffihlé.

6. Kennsla innflytjenda í Noregi  
– Rannveig Ragúelsdóttir og Bryndís Hjaltadóttir Hajo.
7. Norrænt samstarfsverkefni – Guðrún Norðfjörð og Steinar V. Arnason.

Matarhlé.

8. Íslenskukennsla hjá Fræðslumiðstöðinni – Sigurborg Þorkelsdóttir.
9. Landnemaskólinn – Sædís Jónatansdóttir.
10. Önnur mál.